

76 14. apríl. fáa til umgetinnar ferðar 350 kr. af þeim hluta, er ráðgjafinn hefir umráð yfir af fje því, sem veitt er í 15. gr. fjárlaganna¹.

77 16. apríl. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um sveitarflutning á vitfirringi.* — Hreppsnefndin í Skilmannahreppi hefir í brjefi frá 2. des. f. á. borið sig upp undan úrskurði amtmannsins frá 28. janúar f. á., er gjörir hreppi þessum að skyldu að endurgjalda Mela- og Leirárhreppi fátækrastryk þann, er Helga nokkrum Sigurðssyni hefir verið veittur þar síðan 1877; en af hálfu Skilmannahrepps hefir því einkum verið haldið fram, að Helgi þessi Sigurðsson, sem er fæddur í Skilmannahreppi 1836, hafi áunnið sjer framfærslurjett í Akraneshreppi með því, að dvelja þar samfleytt í 11 ár frá 1854—1865, því árið 1863 hafi hann að eins dvalið sem kaupamaður um sláttinn í Skilmannahreppi, og upphæð, sem lögð var með honum þetta ár í Akraneshreppi, hafi ekki verið sveitarstrykur.

Eptir að jeg nú með brjefi yðar, herra amtmaður, frá í gær hefi meðtekið vottorð um, að samkvæmt sveitarbókinni hafi sökum brjálsemi, er kom yfir Helga 1863, verið goldnar úr sjóði Akraneshrepps 52 kr., vil jeg tjá yður, herra amtmaður, það, er á eptir fer til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þeim, er hlut eiga að máli.

Skilmannahreppur hefir haldið því fram, að styrkur sá, er veittur var Helga 1863, hafi ekki verið lagður honum af fátækrafje, en útvegaður honum undir hendinni sem velvildarlán, er hann hefði átt að greiða af eigin fje sínu, og hefir hreppurinn í þessu tililiti skírskotað til brjefs stiptamtmannsins, frá 15. ágúst 1864, er vísaði hreppstjóranum í Akraneshreppi til þess að leita endurgjalds á styrknum til Helga sjálfs, þó hreppstjóranum væri gefin von um endurgjald frá Skilmannahreppi samkvæmt nánari skýringum síðarmeir. En hvað sem nú þessu líður, þá get jeg ekki fallið á álit Skilmannahrepps um dvöl Helga þar sumarið 1863. Hún atvikaðist með því móti, að sýslumaður með úrskurði frá 27. júlí 1863 skyldaði Skilmannahrepp til að taka Helga til gæzlu og framfærslu sem vitfirring, og samkvæmt þessum úrskurði var Helgi þetta sumar fluttur úr Akraneshreppi upp í Skilmannahrepp, er reyndar hjet hann síðar um haustið hverfa aptur út á Akranes, en þessi apturkoma hans til Akraneshrepps gat ekki dregið úr eða ónýtt afleiðingarnar af flutningnum um sumarið. Síðan hefir ekkert komið fram um, að Helgi hafi nokkursstaðar með samfleyttir 10 ára dvöl áunnið sjer sveit fyrir utan fæðingarhrepp sinn.

Af þessum ástæðum verður að staðfesta hinn áfrýjaga amtsúrskurð.

78 16. apríl. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skyldu presta til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstryk eptir sinn dag.* — Eptir að ráðgjafinn, svo sem getið er um í brjefi frá 28. febr. þ. á.², hafði beiðst álits lífsábyrgðar- og framfærslustofnunarinnar frá 1871 um lagafrumvarp það, um skyldur presta til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstryk eptir sinn dag, er alþingi samþykkti í sumar sem leið, hefir frá stofnun þessari komið brjef það, er hjer með fylgir eptirrit af, og hefir álit lífsábyrgðar- og framfærslustofnunarinnar enn meira sannfært ráðgjafann um, að eigi sje gjörlegt að leggja það til, að frumvarp þetta nái staðfestingu konungs, og skal í þessu efni einkum tekið fram það, er hjer segir:

1) 11. maí voru Sigurði enn fremur veittar 350 kr. af fje því, er landshöfðingi hefir umráð yfir til vísindalegra og verklegra fyrirtækja.

2) Sjá stjórnartíðindi þ. á. B. 57.

78
16. apríl.

Það virðist óráðlegt að láta landssjóðinn vera lífsábyrgðarstofnun með tilliti til lífsfjár þess, er lagafrumvarpið ræðir um, því, eins og tekið er fram í bræfi framfærslustofnunarinnar, er það fyrirsjáanlegt, að landssjóði mundi með því bakaður skaði; eins og það undir öllum kringumstæðum yrði afleiðingin af þessu, að eigi allítið fje yrði tekið úr höfuðstóli landssjóðsins til þess að stofna með því sjerstakan sjóð til afnota á þenna hátt. Þar við bætist enn fremur, að landssjóður myndi ekki geta tekið að sjer sýslan þessa án þess að hafa vissu fyrir hjálp reikningsfróðra manna við framkvæmd hinnar nauðsynlegru og margháttuðu reikningsfærslu, einkum þegar hlutaðeigendur af frjálsum vilja ganga úr stofnuni; en af þessu myndi rísa sjerstakur kostnaður fyrir landssjóðinn, sem alþingi ekki hefir gjört ráð fyrir.

En það, sem algjörlega mælir móti því, að fallt verði á lagafrumvarp það, er hjer ræðir um, er það, að ráðgjafanum yrði alveg ómögulegt að semja reglugjörð þá, er 2. gr. nefnir um hlutfallið milli hins árlega tillags og fjárstyrksins eptir dag embættismannsins, þar sem það er ljóst af bræfi lífsábyrgðarstofnunarinnar, að tillagaskrár þær, er hún notar, yrðu ekki notaðar, og þar sem ráðgjafann hins vegar vantar bæði nauðsynleg gögn og jafnvel reikningslega þekking til að semja nýjar tillagaskrár. Við þetta bætist enn fremur, að eigi heldur yrði mögulegt fyrir ráðgjafann að minnsta kosti ekki með þeim skilyrðum, er þingið setur, að koma á endurábyrgð þeirri, er ræðir um í 8. grein, einkum þar sem engiu föst regla er gefin í 1. gr. fyrir, hve mikill fjárstyrkuinn skuli vera, en hún er sett í sjálfvald prestanna millum takmarkanna frá 100—300 kr.

Þótt jeg nú af ástæðum þeim, sem þegar eru teknar fram, geti ekki fallt á frumvarp það, er alþingi hefir samþykkt, er jeg þó að öðru leyti samdóma yður, herra landshöfðingi, um það, sem þjer hafð tekið fram í þóknanlegu bræfi yðar frá 2. okt. f. á., að æskilegt væri að leysa prestaköllin undan þeirri álögu, sem með tilliti til eptirlauna prestsekkna hvilir á þeim. Jeg vil því þjónustusamlega bjóða mjer í tje látið álit yðar og væntanlegar uppástungur um það, með hverjum öðrum hætti mætti koma framfærslustofnun á fót handa prestaekkjum, sem komið gæti í stað eptirlaunareglna þeirra, er nú gilda, og skal í þessu efni einkum leitt athygli yðar að því, hvort ekki sje tiltækilegt að stofna sjerstakan ekkjusjóð á Íslandi, í líkingu við ekkjusjóði þá, sem eru í hverju stípti hjer í landinu, og eru stofnuunarskrár þeirra prentaðar í stjórnarbrjefasafninu¹.

1) Í álit lífsábyrgðar og framfærslustofnunarinnar segir meðal annars svo:

Samkvæmt frumvarpinu á hinn íslenzki landssjóður að taka að sjer að greiða prestsekkjunum fjárstyrk að minnsta kosti 100 og í mesta lagi 300 kr. á ári gegn því, að prestar þjer, sem kvongaðir eru, greiði árgjöld til laudssjóðsins, sem nákvæmar skulu tiltekin með reglugjörð; og eptir fylgiskjölunum virðist vera gjört ráð fyrir, að þessi árgjöld verði reiknuð eptir reglum stofnunarinnar fyrir lífeyri handa þeim, er lengur lifir en annar, er greitt hefir ábyrgðargjald um alla æfi sína, og að hlutaðeigandi prestar og prestskonur í öllu verulegu njóti sömu rjettinda með tilliti til nefnds fjárstyrks, sem embættismenn þjer hafa, er skyldir eru að sjá ekkjum sínum borgið með lífeyri samkvæmt lögum frá 5. janúar 1851. Mætti nú skoða uppástungu þessa eingöngu frá sjónarmiði hlutaðeigandi presta og kvenna þeirra, og þyrfti ekki að hafa tillit til þess, hvort landssjóðurinn hefði hag eða skaða, af fyrirkomulagi því, er spurning er um, yrði ekkert verulegt haft á móti frumvarpinu. En nú er það ljóst af 8. grein frumvarpsins og skýringum ráðgjafans, að trygging skuli útvegast fyrir því, að landssjóðurinn hafi engan skaða af þessu, og er í raun rjettir ætlaðt til að gerð verði eins konar lífsábyrgðarstofnun úr landssjóði.

Í þessu tilliti er þess fyrst að geta, að lífsábyrgðarstofnun þeirri, sem þannig kæmist á fót, ef uppástungan næði lagagildi, yrði það til hnekkis, að tala hluttakandanna yrði æði lítil; en það er nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að lífsábyrgðarstofnun þróist og eflist nokkurn veginn, að hluttakendur sjeu svo margir, að ekki beri mjög mikið á einstökum mannalátum. Því minni sem slik stofnun er, þess meiri auðfróðislega

79
16. apríl.

— *Bréf ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þinglestur veitingarbrjefa.* — Í þóknanlegu bræfi yðar, herra landshöfðingi, frá 15. f. m. hafið þjer út af fyrirspurn sýslumannsins í Mýra og Borgarfjarðar sýslu, óskað úrskurðar ráðgjafans um það, hvort þinglestur veitingabrjefa megi fram fara án þess borgun sje reiknuð fyrir það, og ef ekki, hvort þá beri að reikna gjaldið eptir 30. grein reglugjörðarinnar frá 10. september 1830.

Fyrir því læt jeg ekki hjálíða að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar það álit ráðgjafans, að þinglestur veitingabrjefa sýslumanna megi samkvæmt 34. grein tilskipunar frá 30. janúar 1793 fram fara borgunarlaust.

Þýðingu hafa slysfarir, og sá skaði, er orsakast kynni af þeim, yrði einungis bættur upp með því að hækka tillögin. Stofnun, sem ekki á von á tillögum frá fleiri en 140 embættismönnum — svo virðist tala prestakalla þeirra að vera, sem frumvarpið hljóðar um — getur því ekki með neinni vissu notað þá tillagaskrá, sem á við stóra ábyrgðarstofnun.

Þar að auki hefir frumvarpið ákvörðun, sem gerir það ómögulegt að nota tillagaskrá stofnunar vorrar og það er 2. grein, er leggur þeim presti, sem tryggja skal líf sitt, í sjálfs vald að ákveða upphæð fjárstyrksins eptir sinn dag frá 100—300 kr. árlega. Af þessari ákvörðun myndi leiða, að þeir er veikfelldir væru, en ættu heilsugóðar konur myndu reyna að hafa styrkinn sem mestan, en hinir sem heilsugóðir væru og ættu veikar konur, myndu reyna að láta fjárstyrkinn vera hinn minnsta, er hann gæti orðið. En af þessu myndi leiða tvöfaldan skaða fyrir ábyrgðarstofnunina, sem er skyld til að borga ekkjumni viðkomandi fjárstyrk, hvað lengi sem hún lifir, án tillits til þess hve lengi maður hennar hefir lifað og greitt árstíllög sín.

Híð fyrsta skilyrði fyrir því, að viðhafa tillagareglur þær, er hjer er reiknað eptir, er því það, að gefnar sjeu fastar og ófrávikjanlegar reglur fyrir upphæð þeirri, sem embættismaðurinn er skyldur að sjá ekkju sinni borgið. Þar eð þessu skilyrði ekki hefir verið fullnægt, álitum vjer sjálf-sagt, að landssjóðurinn muni ekki geta fengið neina áreiðanlega lífsábyrgðarstofnun til að takast á hendur ábyrgð þá, sem getur um í 8. grein frumvarpsins.

Í frumvarpinu er ætlað til þess, að landsjóðurinn skuli greiða þeim, er hætta að sjá konum sínum borgið, endurgjald fyrir tillög þau, er þeir eru búnir að borga, en þetta getur orðið landssjóðnum að allmiklum skaða. Að vísu gæti lítið svo út, sem landssjóðurinn, sem engu hefir kostað til hjóna þeirra, sem um er að ræða, hljóti jafnvel að hafa nokkurn hag, ef hann endurborgar tillögin vaxtalaus. En hjer við er aðgætandi, að landssjóðurinn hefir á hinum líðna tíma borið ábyrgð, og að hann hefir tilkall til endurgjalds fyrir hana. Þegar hlutir eru tryggðir gegn eldsvöða, er það auðsætt, að sá, sem ekkert hefir brunnið hjá, getur ekki, þegar hann gengur úr brunabótafjælaginu, fengið tillög sín endurborguð, beinlínis af þeirri ástæðu að þeim hefir á meðan verið varið til að greiða brunabætur til annara, sem beðið hafa tjón af eldsvöða, og eitthvað svipað þessu á sjer stað í lífsábyrgðarfjælagum. Tillögum þeim, sem lífsábyrgðarfjælog fá hjá þeim, sem hafa keypt ábyrgð á lífi sínu, ber að verja til þess að greiða ekkjum þeirra, er deyja, fjárstyrk.

Jafnvel þó nú yrði bætt úr fyrteöldum vandkvæðum, myndi það mjög vafasamt, hvort híð fyrirbugaða fyrirkomulag yrði haganlegt. Ef að landssjóðurinn á að geta haft yfirlit yfir, hvort hann hafi hag eða skaða af lífsábyrgðinni, verður að halda öllum tekjum og gjöldum, er snerta þetta málefni sjerskildum. Tillögin verður að geyma sjer í lagi og koma þeim á vöxtu, eða það verður, hvernig sem fer, að halda bók yfir þau, eins og þau væru sjóður út af fyrir sig, sem árlega fengi vexti talda í tekjum sínum. Í annan stað verður að halda bók yfir aldur og æfi hlutadeigandi embættismanna, og verður öðru hvoru að bera saman tillögin við mannalátin og skaða þann er stofnunin hefir haft af þeim. En allt þetta myndi útheimta sjerstaka þekkingu, og er varla ráð gjörandi fyrir því, að þeir, er fjalla um landsjóðinn, hafi þá þekkingu, að þeir gætu leyst slíkt starf viðunandi af hendi. Þótt nú þeir, sem vilja fá sjer lífsábyrgð, ekki sjeu allmargir, myndi þó byrði sú verða ekki all-lítil, sem landssjóðnum bættist af þessu fyrirkomulagi. Eptir nokkur ár, má búast við, að ekkjurnar, sem eiga tilkall til að fá lífeyri minst 100 kr. árlega hver, yrðu um 70 eða 80 og verður þessi byrði landssjóðsins varla talin minni en milli 50000 og 80000 kr.; og þegar nú þar við bættist skuldbindingin að greiða af hendi fjárstyrksupphæðir þær, sem enn er ekki farið að greiða, getur skuldbinding landssjóðsins, eða upphæð sú, sem þyrfti að vera í lífsábyrgðarsjóðnum, hæglega orðið um 100000 kr. samtals.